

**Fundargerð 469. fundar Framkvæmdanefndar búvörusamninga haldinn 12. mars 2025
kl. 13:00 á Teams.**

Þessir tóku þátt í fundinum:

Sigurður Eyþórsson, formaður nefndarinnar og sérfræðingur á skrifstofu landbúnaðar í matvælaráðuneytinu (MAR), Bryndís Eiríksdóttir, nefndarmaður og sérfræðingur á skrifstofu landbúnaðar í MAR, Rafn Bergsson, nefndarmaður og formaður deildar nautgripabænda innan BÍ, Hrefna Rós Matthíasdóttir nefndarmaður og sérfræðingur í fjármálaráðuneytinu og Axel Sæland nefndarmaður og formaður deildar garðyrkjubænda innan BÍ. Herdís Magna Gunnarsdóttir, nefndarmaður og varaformaður BÍ var fjarverandi. Fundargerð ritaði Kristín Sigfúsdóttir, stjórnarráðsfulltrúi MAR.

Þetta var gert:

1. Fundargerð síðasta fundar.

Fundargerð 468 hefur þegar verið samþykkt af nefndinni og birt á vef matvælaráðuneytisins.

2. Til kynningar;

Erindi Bændasamtaka Íslands um framleiðslujafnvægisliðar samnings um starfsskilyrði nautgriparæktar 2024. Lögð var fram tillaga að eftirstandandi fjármunir framleiðslujafnvægisliðar árið 2024, alls 18.965.959 krónur verði ráðstafað í þróunarfé nautgriparæktar fyrir árið 2025. Erindið var afgreitt rafrænt í nefndinni 10. desember 2024.

3. Erindi frá Bændasamtökum Íslands; Ráðstöfun framleiðslujafnvægisliðar samnings um starfsskilyrði nautgriparæktar 2025.

Samkvæmt reglugerð um stuðning við nautgriparækt er ráðstafað framlögum til framleiðslujafnvægis. Fjárveiting fyrir árið 2025 er kr. 138.165.891.

Tillaga BÍ er að skiptist þannig:

Erfðamengisúrvalsverkefni – Kynbótastarf	66.000.000
NBÍ ehf	7.000.000
<u>Þróunarfé nautgriparæktar</u>	<u>11.000.000</u>
Samtals	84.000.000
Óráðstafað er	54.165.891

9. liður um starfsskilyrði nautgriparæktar – lagt er til að 15.000.000 renni til NautÍs til reksturs einangrunarstöðvarinnar á Stóra-Ármóti og eftirstöðvar 252.189.534 skulu greiddast sem sláturálag á árinu 2025

Tillaga samþykkt samhljóða

4. Erindi frá Bændasamtökum Íslands ; Ályktun deildarfundar nautgripabænda 2025.

Deildarfundur nautgripabænda var haldinn 27.-28. febrúar sl. og samþykkti ályktun um breytingu á fyrirkomulagi sölu greiðslumarks mjólkur, í þeim tilvikum þegar handhafar eru að selja síðustu eftirstöðvar greiðslumark síns.

Erindið var rætt en engin bókun gerð.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi lokið 13.10